



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík fimmtudagur, 28. september 2023
Tilvísun: 2023090196

Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Reykjavíkurborg

Efni: Umsögn um tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um stofnun samráðsvettvangs um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi.

Þann 29. ágúst sl. barst beiðni um umsögn ríkislögreglustjóra við tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um stofnun samráðsvettvangs um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi.

Umfang ofbeldis meðal barna og ungmenna

Í rökstuðningi tillögunnar kemur fram að ýmis teikn á lofti eru um að ofbeldi meðal barna og ungmenna hafi aukist á undanförunu.

Algengast er að börn komi við sögu í málum sem þolendur eða vitni o.s.frv. (aukaaðilar) í hegningarlagabrotum hjá lögreglunni. Þannig voru skráð 1785 börn árið 2022 hjá lögreglu í slíkum málum. Er það fækkun frá árinu 2021 þar sem fjöldi barna í slíkum málum var 2268.

Á tímabilinu 2016 til 2022 má sjá tvöföldun í fjölda tilkynninga til barnverndar um að barn beiti ofbeldi þar sem fjöldinn var 461 í upphafi tímabilsins en 952 í lok tímabilsins. Sama má sjá um fjölda grunaðra undir 18 ára í líkamsmeiðingarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu á sama tímabili, þar sem fjöldinn var 95 árið 2016 en 171 árið 2022.

Meðaltal tilkynntra stórfelldra líkamsárása (2. mgr. 218. gr. hgl.) á mánuði til lögreglu á tímabilinu jan-júní 2023 hefur aldrei verið hærra. Í þeim málum er 90% grunaðra karlkyns og var meðalaldur þeirra 29 ár en meðalaldur grunaðra í öllum ofbeldisbrotum tilkynntum til lögreglu á sama tímabili var 34 ár. Ekki liggur fyrir greining hjá ríkislögreglustjóra á brotapolum í þessum málum.

Takmarkaðar rannsóknir hafa legið fyrir um umfang ofbeldis og afbrota meðal barna og ungmenna hér á landi og hefur verið unnið að því að frumkvæði stjórnvalda að bæta skráningu og söfnun opinberra gagna og tölfræði um umfang og eðli slíkra mála hjá m.a. Barna- og fjölskyldustofu, ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis.

Í könnunum Rannsóknar og greiningar frá 2012 til 2022 hefur hlutfall barna sem svara því til að þau hafi orðið fyrir ofbeldi einu sinni eða oftar sl. 12 mánuði verið 8-10%. Í þessum tölum er allt ofbeldi, þ.m.t. slagsmál við skóla eða ofbeldi á heimili. Lítil hluti af þessum málum er tilkynntur til barnaverndar og/eða lögreglu.

Mikilvægt er að nálgast ofbeldi meðal barna og ungmenna út frá hagsmunum barna og þeim skyldum sem felast í lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tillögur til úrbóta þurfa að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu og draga úr líkum á ítrekuðum afbrotum og ofbeldi. Huga þarf sérstaklega að börnum sem kunna að vera í sérlega viðkvæmri stöðu.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Forvarnir og vitundarvakning

Lögreglan er að huga að vitundarvakningu vegna líkamsárása, vopnaburðar og útbreiðslu stafræns myndefnis ofbeldisatvika meðal barna á samfélagsmiðlum. Stefnt er að því að vinna fræðsluefni fyrir skóla og æskulýðsstarf sem fylgt verði eftir af samfélagslöggum í hverju umdæmi fyrir sig í samstarfi við Neyðarlínuna, stýrihóp um forvarnaráætlun um kynbundið ofbeldi þar sem sitja fulltrúar m.a. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Menntamálastofnunar, Barna- og fjölskyldustofu, Embættis landlæknis og Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs o.fl. Þá þarf sambærilegt átak fyrir foreldra og alla þá sem vinna með börnum. Einnig er vonast eftir góðu samstarfi við Saman hópinn og Heimili og skóla.

Embætti ríkislögreglustjóra fagnar því áherslum í tillögunni á forvarnir og fræðslu. Kanna þarf hvort útvíkka megi hlutverk nýskipaðra forvarnateyma vegna kynbundins ofbeldis í grunnskólum til að huga jafnframt að forvörnum vegna annarra birtingamynda ofbeldis og tengja betur við samfélagslögreglu og samþætta við gott starf Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar og forvarnarfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Svæðisbundið samráð vegna afbrota

Reynslan hefur sýnt að samvinna sveitarfélaga, lögreglu, heilbrigðis- og menntakerfis auk annarra lykilaðila í hverju nærsamfélagi fyrir sig er forsenda fyrir því að varna ofbeldi og öðrum afbrotum. Lögreglu er falið að vinna að afbrotavörnum skv. 2. tl. 1. gr. Lögreglulaga nr. 90/1996. Dómsmálaráðuneytið hefur lagt aukna áherslu á afbrotavarnir þ.m.t. fræðslu og forvarnir og falið ríkislögreglustjóra samhæfingu þess efnis meðal lögregluembættanna. Jafnframt hefur stöðugildum hjá lögregluembættunum verið fjölgað til að sinna afbrotavörnum og samfélagslöggæslu. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur einnig falið ríkislögreglustjóra ábyrgð á aðgerð C.6. Stuðningur við svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi í þingsályktun um áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019 til 2022.

Þess vegna er unnið að því að byggja upp og samræma svæðisbundið samráð um afbrotavarnir meðal lykilaðila á hverju landssvæði, þ.m.t. félagsþjónustu og skólajónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, lögreglu, heilbrigðisþjónustu, skóla, frjálsra félagasamtaka og einstaklinga með stofnun á formlegum samráðsvettvangi, með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum sem byggir á svæðisbundnum aðstæðum. Lykilsamstarfsaðilar eru sveitarfélögin og landshlutasamtök. Horft er til bæði innlendra1 og erlendra fyrirmynda2, og þá ekki hvað síst brautryðjendaverkefni Reykjavíkurborgar og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna ofbeldis.

Svæðisbundna samráðið byggir þá á einni samstarfsyfirlýsingu, einum samráðsvettvangi, einu framkvæmdateymi og sameiginlegum áherslusviðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að samráðsvettvangurinn og/eða framkvæmdateymið geti skipað vinnuhópa fyrir einstök áhersluverkefni. Sjá nánar samstarfsyfirlýsingu um börn í viðkvæmri stöðu í Suðurmíðstöð, Reykjavík og drög að samstarfsyfirlýsingu um Öruggara Austurland, sem eru hér meðfylgjandi.

Markmiðin eru að vinna að auknu öryggi íbúanna, bæta þjónustu við samfélagið, byggja grunn til framtíðar fyrir svæðisbundið samráð gegn ofbeldi, efla samstarfsaðila í að takast á við áföll og ofbeldi, tryggja að hvert umdæmi þrói vettvang sem henti því best og móti sín áherslusvið í samræmi við þarfir íbúa og búi til innviði í ljósi fyrirhugaðra lagabreytinga.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur undir mikilvægi þess að hugað verði að ofbeldi meðal barna og ungmenna og lýsir sig tilbúið til samstarfs. Hins vegar telur ríkislögreglustjóri rétt að skoðað verði hvernig megi sem best samþætta þau mikilvægu verkefni sem eru á vegum Reykjavíkurborgar vegna ofbeldis og annarra afbrota, þar með talið meðal barna og ungmenna til að nýta sem best krafta þeirra lykilaðila sem koma að þessum verkefnum. Jafnframt verði hugað verði að því hvernig

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

eigi að standa að innleiðingu verklags vegna barna í viðkvæmri stöðu inn á aðrar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Eygló Harðardóttir
verkefnisstjóri afbrotavarna við skrifstofu ríkislögreglustjóra

Meðfylgjandi

Samstarfsyfirlýsing um börn í viðkvæmri stöðu í Suðurmíðstöð, Reykjavík

Drög að samstarfsyfirlýsingu um Öruggara Austurland, sem verður undirrituð 4. október 2023